







„Að virkja bæjarlækinn 1“

Staðsetning: Vörputorg

Hugmyndin: lækur, regnvatn, samspil heita og kalda vatnsins, gufa, virkjun, rafmagn; kallast á við sögu svæðisins og verið að hjálpa þessu hverfi að finna sína eigin sjálfsmynd.

Tillagan gengur út á að þetta er gamalt iðnaðarsvæði, með alls kyns iðnaði. Þar á meðal hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur átt þar aðsetur í mörg ár og á hús á svæðinu. Auk þess er Elliðaávirkjunin í nágrenni Vogabyggðar sem var fyrsta meiri háttar virkjunin í landinu, byggð á árunum 1919 – 1921.

Útgangspunkturinn er að vinna með rennandi vatn og tengja það við iðnaðarhverfið. Íslendingar eru heppnir að hafa nóg af vatni, vatn hefur aðdráttarafli, volgt vatn gerir rennsli allt árið mögulegt. Þannig kviknaði hugmyndin að því að búa til rennandi læk með nokkrum sentimetrum af volgu vatni og leiksvæði umhverfis hann sem myndi laða að unga sem aldna.

Verkið minnir á vatnslitaverk frá 17. öld, Chatsworth Cascade, sem hannað var af frönskum vatnsaflsfræðingi, Monsieur Grillet, og er staðsett í Chatsworth í Derbyshire á Englandi.



Elliðaávirkjun



Chatsworth Cascade

Lýsing:

30 m langur lækur rennur í gegnum Vörputorg og liggur í beinni línu við göngubrúna. Lækurinn kemur upp úr jörðinni ofarlega á torginu og hverfur svo eftir 30 m og rennur neðanjarðar að brúnni sem liggur út á Snarfaratanga. Lækurinn er eins og tröppur og er gerður úr eldsprengdum granítplötum (eða sjónsteypuplötum), þannig að ekki verður sleipt að ganga upp eða niður lækinn. Miðað er við að lækurinn verði grunnur og lítill halli á hverri tröppu. Þarna verður sírennsli af volgu vatni og einnig er áætlað að yfirborðsvatn úr nágrenninu komi til með að renna í lækinn. Kalda vatnið gæti komið úr uppsprettu sem fundist hefur nýlega ofar í brekkunni og heita vatnið kemur frá nærliggjandi húsum. Sérstakar dælur sjá um sírennsli vatnsins sem þarna fer um. Lækurinn býr til léttan lækjarnið og gufu á köldum dögum, hann hefur aðdráttarafli fyrir fólk á öllum aldri.


Eftir að lækurinn fer ofan í jörðina aftur rennur hann í átt að brúnni og kemur niður sem lítill foss, en þó nógu stór til þess að hægt sé að virkja hann og búa til nægilegt rafmagn til að lýsa upp torgið og lækinn. Það má virkja fallið ofan af brúninni eða rennslishraðann í rennunni sjálfri.

Ef fallið er virkjað myndi rennsli upp á ½ rúmmetra og 5 m hæð nægja til að mynda umtalsvert rafmagn, a.m.k. 100 kW sem dugir í lýsingu frá mörgum ljósastaurum. Gera má ráð fyrir að einn ljósastaur með LED lýsingu þurfi um 100 W. (Þessar upplýsingar fengust hjá Magnúsi Sigurðssyni, verkfræðingi hjá Landsvirkjun.)

Skúlptúrar:

Á torginu verða staðsettir þrjár skúlptúrar sem allir vísa í rafmagnshluti, túrbínur og postulínseinangrara.

Skúlptúrararnir kallast á við verk eftir Gerði Helgadóttur við Sæbraut. Það eru lágmyndir á sjö flötum sem felldar eru inn í steypuna.



Mynd 35 Veggmyndir Gerðar Helgadóttur á vesturvegg hássins Duggavegs 2.¹³

1) Hjólið – skúlptúrin er steypur úr áli, efnisval vísar í íslenskan áliðnað. Áferðin verður frekar gróf og engin glans. Verkið verður steypu í Málmsmiðjunni Hellu og gert úr fimm hlutum og soðið saman.



2) Vatnshani – útlit þessa skúlptúrs er sótt í einangrara úr postulíni/gleri, en mun ég nota ljóst granít í þetta verk. Það liggur á hlið og úr því kemur stöðug buna af rennandi vatni sem fellur út í lækinn. Þar er hægt að fá drykkjarvatn til að fylla á brúsann sinn.

3) Gosbrunnur – hugmyndin af þessu verki er líka sótt í postulínseinangrara. Þetta verk verður einnig hoggð úr graníti, sem er sterkur steinn sem hægt er að slípa í háglans, þannig að það hentar þessu verkefni vel. Það verður staðsett við göngubrúna, í skjólsælum reit með góðum bekkjum þar sem tækifæri gefst til að spjalla saman og njóta sólar. Verkið getur nýst sem gosbrunnur á sumrin.



Hugmyndin að granítskúlptúrunum tveimur er komin úr safni Landsvirkjunar og eru þetta hlutar sem notaðir eru í rafmagnsmöstur.